

048/00 - Bv. Kaldbakur EA-1

Kaldbakur EA-1, skipverji slasast þegar poki vörpunnar fellur úr krók

Bv. Kaldbakur EA-1

Skipaskr.nr.: 1395

Smíðaður: á Spáni 1974 úr stáli

Stærð: 941,24 brl; 1.330,00 bt

Lengd: 68,66 m **Breidd:** 11,60 m **Dýpt:** 7,50 m

Vél: MAK 2.090,00 kW **Ágerð:** 1973

Annað:

Földi skipverja:



Kaldbakur ©Hafþór Hreiðarsson

Atvikalýsing

Hinn 3. apríl 2000 var bv. Kaldbakur EA-1 að veiðum á Melsekk, suðvestur af Reykjanesi. Veður: suðsuðaustan 10-12 m/sek, samsvarandi sjór, lítils háttar úrkoma.

Skipverjar voru að hífa inn vörpuna. Á þilfari voru 6 skipverjar. Þegar belgur og poki voru komin inn fyrir skutrennulokann og fiskmóttökulúku var slegið á belginn til að hefja losun afla úr veiðarfærinu. Notuð var stroffa, tvöföld með stálhring sem slegin var á fyrir ofan aflann. Var aflinn losaður í áföngum þar sem notaðir voru tveir gilsar. Þegar meginhluti aflans hafði verið losaður úr pokanum var annar gilsinn tekinn en pokinn hífður upp á einum gils og losað alveg úr pokanum svo og koma þeim fiski sem lent hafði í veiðarfærarennumunni niður í móttökuna.

Í einni smáveltu á skipinu fór annað augað á stroffunni úr króknum og við það féll pokinn niður á þrjá skipverja sem voru að koma fiskinum af þilfarinu niður í móttökuna. Urðu þrír skipverjar undir pokanum og slasaðist einn illa. Skipsfélagar hans tóku þegar í stað til við að ná pokanum ofan af honum og komu honum síðan inn til aðhlynningar. Haft var samband við Landhelgisgæsluna og var þyrla send til að sækja hinn slasaða sem m.a. var lærbrotinn.

Við rannsókn kom fram

- að skipstjóri telur að þegar stroffan var sett á gilskrókinn hafi járnhringurinn verið settur fyrst upp á krókinn og síðan tóglykkjan. Hann telur að járnhringurinn eigi auðvelt með að renna í króknum í veltunni og hafi ýtt tógendenum úr króknum;
- að netamaður sagði að það hafi verið suðvestan 4 vindstig og lítilsháttar undiralda. Þegar búið var að losa úr pokanum niður í móttökuna var híft í framgilsinn til að fá enda pokans upp úr fiskmóttökunni;
- að þegar stroffan nær illa utan um pokann eru lykkja og stálhringur sett upp á krókinn;
- að einn skipverja sagði að gat hafi verið á belgnum og því hafi eitthvað af fiski farið á þilfarið þegar verið var að losa úr veiðarfærinu. Þennan fisk hafi þeir verið að setja niður í móttökuna þegar pokinn féll niður;
- að einn skipverja sem var á þilfari sagði að engin hafi verið við vinduna fyrir stóra gilsinn en einn skipverja verið á leiðinni að henni þegar slysið varð;
- að einn skipverja sagði að þegar slysið varð hafi ekki verið híft í gilsana.

Nefndarálit

Nefndin telur að orsök slyssins sé óaðgæsla við hífingu þar sem stutt stroffa var notuð og dróst þar með af króknum við það að strekkja belginn á mill tveggja gilsa, losunargils og stóra gils.